

Fundargerð samráðshóps SSH um velferðarmál – 26. fundur 2024

Dagsetning fundar: 05.06.2024

Tímasetning fundar: 08.30-10.30

Fundarstaður: Hamraborg

Viðstaddir: Sigurbjörg Fjölisdóttir og Kristbjörg Hjaltadóttir frá Mosfellsbæ, Svanhildur Þengilsdóttir frá Garðabæ, Guðlaug Ósk Gísladóttir frá Hafnarfirði, Baldur frá Seltjarnarnesi, Rannveig Einarsdóttir frá Reykjavíkurborg, María I. Kristjánsdóttir frá sambandinu og Sigrún Þórarinsdóttir frá Kópavogi (á Teams).

Gestir: Berglind Snorradóttir, SSH, kom inn á fund undir lið nr 1 með kynningu um svæðisbundin farsældarráð, undir lið nr 1 sátu einnig fulltrúar skólamálanefndar á höfuðborgarsvæðinu (á Teams). Guðni Geir Einarsson og Sigrún Kvaran frá Jöfnunarsjóði komu inn undir lið nr 2.

Kristbjörg Hjaltadóttir ritaði fundargerð.

1. Svæðisbundið farsældarráð, kynning

Berglind kynnti svæðisbundin farsældarráð og fór yfir heimild sveitarfélaganna til að ráða verkefnastjóra í 50% eða 100% starfshlutfall í tvö ár sem mun meðal annars hafa það verkefni að undirbúa stofnun farsældarráðs á svæðinu. Bent á mikilvægi þess að sveitarfélögin komi sér saman um hvort farsældarráð nái yfir allt höfuðborgarsvæðið eða hvort Reykjavíkurborg verði með sér farsældarráð.

Bókun

Sveitarfélögin ræða hvert um sig kosti og galla við einn eða tvo verkefnastjóra fyrir næsta fund SSH þann 20 júní. Endanleg niðurstaða þarf þó ekki að liggja fyrir á þeim tíma.

2. Jöfnunarsjóður, samtal vegna umsókna í sjóðinn

Fulltrúar jöfnunarsjóðs áttu samtal við hópin varðandi umsóknir sem hægt er að sækja um til jöfnunarsjóðs. Fulltrúi jöfnunarsjóðs bendir á að hægt sé að sækja um ýmsa styrki til sjóðsins. Fulltrúar Kópavogsbæjar munu vera í samskiptum við sjóðinn vegna innra eftirlits fyrir árin 2022 og 2023. Sviðstjóri velferðarsviðs í Garðabæ mun taka að sér að senda sameiginlega umsókn sveitarfélaganna vegna úttektar sem áætluð er að beiðni GEV. Sveitarfélögin senda á Garðabæ fjölda íbúakjarna í sínum sveitarfélögum.

Bókun

Kópavogsbær mun verða í samskiptum við jöfnunarsjóð vegna uppgjors innra eftirlits sveitarfélaganna fyrir árin 2022 og 2023. Garðabær mun senda inn umsókn til jöfnunarsjóðs vegna úttektar Gæða- og eftirlitsstofnunar.

3. Samhjálp vetraropnun

Fulltrúi Reykjavíkurborgar fylgdi eftir skýrslu Samhjalpar vegna vetraropunar síðastliðinn vetur, ljóst er að opnun gekk mjög vel en miðað við skýrsluna þá þarf að auka mannskap komi opnunar næsta vetur. Rætt um að sveitarfélögin setji í forgang kostnað vegna þátttöku í VOR teyminu við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

4. NPA miðstöðin, hækkun á jafnaðartöxtum

Rætt um bréf frá NPA miðstöðinni þar sem bent er á afturvirka hækkun taxta vegna kjarasamninga. Sveitarfélögin munu hækka sína taxta samhliða í samræmi við það sem áður hefur verið gert.

5. Samræmd móttaka flóttafólks, samráðshópur

Fulltrúi sambandsins segir frá þeirri vinnu sem er í gangi hjá samráðshópi samræmdar móttöku flóttafólks en sú vinna er forsenda þess að sveitarfélögin framlengi núverandi samninga sína. Fulltrúi sambandsins mun erindisbréf samráðshópsins á hópinn.

6. Félagslegt leiguhúsnæði, eignarsafn sveitarfélaga, framhald frá síðasta fundi

Áframhaldandi umræða um eignarsafn sveitarfélaganna, þau sveitarfélög sem ekki voru búin að senda fjölda félagslegs leiguhúsnæðis í sínu sveitarfélagi, sendi það á fulltrúa Seltjarnarnessbæjar.

7. Heimilislausir með fjölþættan vanda

Sjá umræðu undir lið nr 3.

8. Nýr varamaður í umdæmisráð Kragans

Þörf er á að ráða varamann, sem er sálfræðingur, í umdæmisráð Kragans. Formaður samráðshópsins mun fara yfir þá einstaklinga sem koma til greina af upprunalegum lista frá ráðuneytinu.

Fundi slitið kl: 10:42